

Allir nýkjörnir fulltrúar Fagdeildar mættu til fundar. 3. júní 2020

Jens Ruminy, Jónas Sigurðsson, Kristín Waage, Steinunn Harðardóttir og Vilborg Anna Björnsdóttir.

Helsta umræðuefni fyrsta fundar nýkjörinnar stjórnar Fagdeildar voru eftirfarandi.

Mikilvægi þessi að faglegur metnaður einkenni félaga fagdeildar
Mikilvægi þess að félagsmenn taki ekki þátt í því að þiggja laun undir taxa
Mikilvægi þess að fagmenntaðir leiðsögumenn með þekkingu á náttúru, hættum, viðkvæmmu gróðurfari annist leiðsögn erlendra ferðamanna.

Ofanefndir liðir gætu verið verkefni, sem við gætum beitt sjónum okkar að.

Undir fundarlok sagði Vilborg okkur að við yrðum að kjósa okkur formann og kvaðst jafnframt ekki geta gegnt því embætti verandi varaformaður Leiðsagnar. Það reyndist meiri eftirspurn en framboð eftir embættinu, sem að endingu féll undirritaðri í hlut.

Ég sótti aðalfund Leiðsagnar og hef verið nokkuð hugsí eftir hann um það hvert hlutverk Fagdeildar sé, hvort það ætti að vera eitthvað annað en það er og hvert það sé þá. Það gæti verið gagnlegt að ræða það. Við erum hópur með próf, sem stenst evrópskan gæðastaðal leiðsögumanna og megum sem slík bera leiðsögumannamerkið okkar og aðrir ekki. En ég sé ekki í hverju sérstaða okkar er almennt öðrum sýnileg og finnst dálítið eins og hið gamal “Félag leiðsögumanna” hafi horfið innan Leiðsagnar. Kannski hef ég kolrangt fyrir mér, þetta eru bara svona vangaveltur, sem ég vildi deila með ykkur.

Svo í lokin er rétt að taka fram að næsti fundur Fagdeildar verður haldinn í Flórunni í Grasagarðinum í Laugardal, miðvikudaginn 5. ágúst n.k. kl 11:20.

með óskum um farsælt sumar hjá ykkur

Kristín W